



almannaheill
samtök þriðja geirans

Fundur í stjórn Almannaheilla, samtaka þriðja geirans, 11. mars 2020, kl. 9.00, að Sigtúni 42 í Reykjavík.

Mætt voru: Árni Einarsson, Ásdís Eva Hannesdóttir, Guðlaug Birna Guðjónsdóttir, Guðrún Helga Bjarnadóttir, Halldór Sævar Guðbergsson, Hildur Helga Gísladóttir, Hrannar B. Arnarson, Ragnheiður Sigurðardóttir, Vilhjálmur Bjarnson, Vilmundur Gíslason og Jónas Guðmundsson, sem ritaði fundargerð.

Þetta var rætt:

1. Almannaheillasamtök og Covid-19 veiran

Rætt var um áhrif kórónaveitunnar Covid-19 á starfsemi almannaheillasamtaka. Ljóst er að veiran mun hafa margvísleg áhrif á starfsemi íslenskra almannaheillasamtaka, verkefni þeirra, einstaka atburði, fjáröflun og framlag sjálfbóðaliða. Samtökin þurfa að laga starfsemi sína að þessum aðstæðum og reyna eins og hægt er að halda áfram sínu starfi ein og hægt er; það sama eru almannaheillasamtök víða um heim að gera.

Ákveðið var að beina því til félagasamtaka í landinu að huga að velferð þeirra þjóðfélagshópa sem helst verða fyrir barðinu á faraldrinum, t.a.m. eldra fólks og fólks með undirliggjandi sjúkdóma. Gætt verði að því að þetta fólk einangrist ekki og líði ekki skort vegna ástandsins. Árni tók að sér að leiða gerð yfirlýsingar til birtingar í fjölmiðlum.

2. Samningur um kynningu heimsmarkmiða

Ragnheiður og Guðrún Helga sögðu frá vinnustofu um heimsmarkmiðin með fólki úr félagasamtökum sem haldin var 19. febrúar. Vinnustofan var haldin í samvinnu við starfsmenn forsætisráðuneytisins og Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.

Með vinnustofunni hefur samningur Almannaheilla við forsætisráðuneytið verið uppfylltur að fullu. Drög að nýjum samningi, til eins árs, liggja fyrir. Samþykkt var að ganga frá samningnum.

3. Samstarf um félagslega nýsköpun

Greint var frá umræðum í stjórn og ráðgjafahópi um félagslega nýsköpun; rætt hefur verið um inntak og form samstarfs Almannaheilla, HÍ og nýsköpunarráðuneytis. Ekki hefur verið gengið frá samningi um styrkveitingu ráðuneytisins. Ljóst er að styrknum verður fyrst og fremst varið til endurútgáfu handbókar um rekstur félagasamtaka og rannsóknar á umfangi þriðja geirans. Tillögur liggja ekki fyrir um endanlegt form samstarfsins.

4. Reglur um raunverulega eigendur félagasamtaka

Farið var yfir erfiðleika félagasamtaka við að uppfylla kröfur skattayfirvalda við að skrá “raunverulega eigendur” samtakanna. Erfitt hefur verið að fá nákvæmar upplýsingar um til hvers er ætlast. Fram kom mikil óánægja með þessar reglur og þær hótanir um dagsektir vegna vanefnda sem félagasamtökin hafa sætt. Ákveðið var að fara fram á það við Emætti ríkisskattstjóra að falla frá öllum hugmyndum um sektir og undirbúa breytingar á reglunum til að gera þær gagnsærri og auðveldari viðfangs fyrir félagasamtök.

5. Lýðræðishátíðin, fundir fólksins

Fram kom að svars frá Reykjavíkurborg er að vænta í vikunni vegna erindis Almannaheilla um samstarf um Lýðræðishátíðina, fundi fólksins. Starfshópur stjórnar um lýðræðishátíðina mun bregðast við svari borgarinnar.

6. Bankaupplýsingar stjórnarmanna

Nokkrir stjórnarmenn eiga eftir að skila gögnum og undirskrift sem viðskiptabanki samtakanna hefur kallað eftir til þess að uppfylla skilyrði laga og reglna um viðskipti við félagasamtök. Frestur til að skila gögnum er til 20. mars.

7. Heimsókn til ADHD

Stjórnarmenn þökkuðu fyrir góðar móttökur í nýlegri heimsókn til ADHD-samtakanna. Ákveðið var að halda áfram heimsóknum til aðildarfélaga næsta vetur og bauð Halldór Sævar til heimsóknar hjá Öryrkjabandalagi Íslands í haust. Stefnt er að því að kynna heimsóknina með góðum fyrirvara og bjóða til hennar fulltrúum aðildarfélaga sem og áhrifafólki af öðrum vettvangi.

8. Aðalfundur Almannaheilla 18. maí

Samþykkt var að stefna að boðun aðalfundar Almannaheilla 18. maí n.k. Krabbameinsfélagið mun leggja til fundaraðstöðu. Fundurinn verður boðaður með löglegum fyrirvara.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10.55.